

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, Miðfjarðarvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. maí 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í breyttum vegamótum Miðfjarðarvegur og gamla Norðurlandsvegur sunnan Melstaðar og vegamótum Miðfjarðarvegur við Hringveginn gegnt Heggstaðanesvegi norðan Melstaðar. Við tilfærsluna breytist lögun opins svæðis til sérstakra nota (golfvöllur) og minnkar svæðið úr 79,3 ha í 72 ha en landbúnaðarsvæði stækkar sem því nemur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. maí 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.